

Alþingi
Erindi nr. P 126/2072
komudagur 25.4.2001

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
B/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. apríl 2001.

Efni: Frumvarp til laga um vexti og verðtryggingu (566. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um framangreint frumvarp. Verslunarráð gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar þess:

6. gr.

Í 6. gr. er fjallað um heimildir til að semja um dráttarvexti að vissu marki. Aðferðin við ákvörðun dráttarvaxta verður þó lögákveðin nái frumvarpið fram að ganga og ekki verður heimilt að semja um vanefndaálag ofan á dráttarvaxtagrunn af neytendalánum. Verslunarráð telur ekki ástæðu til að takmarka samningsfrelsi aðila með þeim hætti sem hér er lagt til. Ekki eru sjáanleg rök fyrir þessum takmörkunum, frekar en öðrum hömlum á samningsfrelsi manna í sambandi við vaxtakjör. Þess má geta að í lögum um neytendalán nr. 121/1994 eru lagðar sérstakar skyldur á þá sem veita neytendalán, m.a. um upplýsingaskyldu gagnvart lántakendum, og verður ekki annað séð en að þær kröfur séu fullnægjandi til að tryggja að þeir átti sig á þeim skuldbindingum sem þeir taka á sig með lántökunni.

Verslunarráð leggur því til að orðin „...að undanskildum neytendalánum“ falli brott úr 2. mgr. 6. gr.

VI. kafli - greinar 13 til 16

Í VI. kafla er að finna reglur um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Í 13. gr. er felld niður heimild til að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla. Í 14. gr. er kveðið á um að verðtrygging sé aðeins heimil ef grundvöllur verðtryggingarinnar er vísitala neysluverðs, hlutabréfávísitala (innlend eða erlend) eða safn slíkra vísitalna. Verslunarráð hefur efasemdir um að takmarkanir af þessu tagi séu í samræmi við þær miklu breytingar sem átt hafa sér stað á íslenskum fjármálamarkaði á undanförunum árum. Virðist eðlilegra að samningsfrelsi gildi á þessu sviði þannig að aðilar geti samið um að miða verðtryggingu við aðra gjaldmiðla ef þeim sýnist svo, eða að þeir geti valið sér þá

vísitölu, sem þeir telja best þjóna hagsmunum sínum og eðli viðskiptanna í hverju tilviki. Reikna má með að almennt verði verðtryggingin miðuð við þær vísitölur, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, en ekki eru bersýnileg nein rök fyrir því að banna mönnum að semja um undantekningar frá því.

Virðingarfyllt,
Fyrir hönd Verslunarráðs Íslands,

Birgir Ármannsson.